

Berist til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

Á Flateyri hefur Minjasjóður Öndarfjarðar haft í eigu sinni húsið við Hafnarstræði 3-5, þar sem Verslun Bræðrana Eyjólfsson hefur verið til húsa í rúm 100 ár. Verslunin er elsta upprunalega verslun landsins og hafa innanstokksmunir kaupmannshjónana og innréttingar verið óbreyttar frá upphafi. Bæði húsið og innbú hafa ótvírætt mikið menningarsögulegt gildi fyrir Flateyri og fyrir sveitarfélagið. En húsið er eðli málsins samkvæmt gamalt og þarfnast mikilla endurbóta sem Minjasjóðurinn hefur ekki bolmagn til að fjármagna.

Við í stjórn Minjasjóðsins teljum að þessar eignir þarfnist faglegrar umhirðu og endurbóta sem eðlilegt er að sveitarfélagið taki til sín og viljum því bjóða Ísafjarðarbæ húsið ásamt innbúi öllu sem gjöf, að öðru leyti en því að greiða þarf áhvílandi skuldir sem að mestu eru ógreidd fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Fengist hefur styrkur upp á kr. 2.500.000,- frá Húsfriðunarsjóði til endurbóta á húsinu og fylgir með þessari gjöf.

Fyrir hönd stjórnar Minjastjóðs Öndarfjarðar

Bryndís Sigurðardóttir formaður